

Fundargerð

6. fundur rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi kjörtímabilið 2014-2018.

Fundarstaður: Flóaskóli.

Fundardagur: Þriðjudagur 24. febrúar 2015.

Fundartími: 20:30-23:09

Fundarmenn: Stefán Geirsson, Rósa Matthíasdóttir, Veronika Narfadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Reynir Jónsson og Anný Ingimarsdóttir

Formaður nefndarinnar Stefán Geirsson sett fund og bauð fundarmenn velkomna.

Rósa Matthíasdóttir ritaði fundargerð.

Fjör í Flóa:

- Rætt var um þá dagskráliði sem búið er að ganga frá og fyrstu drög að dagskrá sett upp ásamt hugmyndum að frábærri dagskrá. Rætt var um að fá N4 til að fjalla um Fjör í Flóa. Einnig að fá Magnús Hlyn til að koma Fjör í Flóa að í Bylgjunni, sjónvarpinu, Sunnlenska og Bændablaðinu.

Föstudagurinn 29 maí:

Hátíðin sett.

Boðið uppá gönguferð með vel upplýstum og fróðlegum leiðsögumanni. Margt var nefnt sem spennandi og áhugavert fyrir íbúa hreppsins. Hellaferð.

Útnefning á íþróttamanni ársins

Menningarstyrk Flóahrepps úthlutað við hátíðlega athöfn.

Laugardagurinn 30 maí:

Morgunmatur: Öllum hreppsbum boði í hinn vinsæla og hefðbundna morgunmat. Athuga með komu allra kvennfélaganna að honum.

Bjóða uppá kassaklifur athuga við Björgunarsveitina og aðkomu þeirra.

Athuga Ævar vísindamann og Sprengju Kötu.

Athuga Grillvagninn – bjóða gestum og gangandi uppá gómsætan bita

Athuga Friðheima sölu og kynningu á þeirra vörum.

Athuga hvað hægt sé að bjóða uppá matarkyns frá íbúunum.

Athuga aðkomu Héraðskjalasafnsins.

Skemmtilegir Flóamenn troða upp og sýna listir sínar fyrir íbúa. Voru ýmsir nefndir s.s. Jói í Vatnsholti með Krummann sinn. Ragnar í Brandshúsum með hæningó, Malin á Tindum með hestvagn.

Virkja ungmennafélögin í skemmtanahaldinu. Hugmyndir frá Ungmennafélaginu Vöku lögð fram. Ljósmyndamarþon, Fjöltefli, og stutt leikrit á kvöldvökunni.

Ungmennafélagið Samhyggði með Glímu og Bændaglímu.

Leikhópurinn Lotta. Söngvasyrpa úr öllum leikritum sem Leikhópurinn Lotta hefur sett upp og hlotið vinsælda hjá börnum. Verð kr. 180.000

Opin hús víðs vegar í Flóahrepp:

Búið er að setja í Áveituna auglýsingar ef íbúar vilja hafa opin hús eða koma að þessari hátíð á einn eða annan hátt, en lítið komið út úr því. Fylgja síðan eftir með símtölum.

Kvöldvaka:

Hugmynd um að fela formönnum kvennfélaganna í hreppnum að sjá um skipulagningu kvöldvökkunar.

Finna skemmtilegan veislustjóra fyrir kvöldvökuna, voru konur eins og Helga Braga, Edda Björgvins eða Björg Jakobsdóttir nefndar. Kostnaður vegna veislustjóra í fyrra var. Kr. 160.000.

Jórukórinn myndi koma og taka nokkur lög sem allir þekktu.

Bjóða uppá girnilega súpu og brauð frá Kaffi Krús sem sló í gegn í fyrra.

Sunnudagurinn 31 maí:

Barnamessa. Boðið uppá barnamessu úti ef veður leyfir, annars í einni af kirkjum hreppsins.

Salir:

Rætt var mikið um útleigu og hvernig væri best að markaðssetja salinna, þ.e.a.s. Þingborg og Félagslund. Voru ýmis tilboð skoðuð- en hagkvæmasta tilboðið kom frá MBL sem er eigandi finna.is, Gular sidur.is, og brudurinn.is, að auglýsa hjá þeim salina í heilt ár fyrir kr. 79.900.

Til þess að geta leigt salina í netheimum þarf aðgengið að sölunum á heimasíðu hreppsins að vera miklu viðskiptavænna en það er í dag – þar sem salirnir eru á einum stað og verðið á öðrum og aðgengið að sölunum engan vegin viðskiptavænt fyrir væntanlega kaupendur.

Til þess að geta verið með leitarvélabestun á salina (það þýðir að þegar fólk slær inn leitarorði á t.d. Google – salir, salir til leigu, fermingarsalir, íþróttasalir , þá skipti miklu máli að vera ofarlega í goggunarröðinni á leitarvélunum) á heimasíðunni þarf að taka til og uppfæra heimasíðuna. Fengið var verð í það verkefni og væri það á bilinu 180.000-200.000 kr. að uppfæra allann Flóahrepps vefinn í glæsilegt útlit og laga uppsetningu á efni síðunnar. Til þess að hægt sé að leigja út salina er nauðsynlegt að uppfæra heimasíðuna.

Umsjónarmaður fasteigna Flóahrepps nefndi að það þyrfti að koma Félagslundu í ásættanlegt stand til útleigu s.s. að setja upp skjávarpa sem er til.

Framtíð rekstarstjórnar félagsheimilanna:

- Rætt var um hvort rekstarstjórn félagsheimilanna ætti framtíð fyrir sér, eða hvort hún væri barn síns tíma. Rekstarstjórnin væri nú búin að gera drög að útleigu á sölum hreppsins og drög að Fjör í Flóa. Viðhald og annað er tengist húsunum væri í höndum sveitastjórnar, sveitastjóra og umsjónarmanns fasteigna. Hvort heppilegra væri í framtíðinni að fá viðburðarstjóra til að halda utan um þá tvo viðburði sem Flóahreppur stendur að eða ekki? Hvernig fjármunum Flóahrepps væri best borgið? Ætlaði formaður að setja upp ramma af hugmyndum til kynningar, sem færi þá fyrir aðalfund rekstarheimilanna sem er haldinn núna 10 mars, en samkvæmt samþykktum eiga atkvæðisrétt á aðalfundi aðeins kjörnir sveitarstjórnarmenn og einn fulltrúi frá hverjum eignaraðila félagsheimilanna.